

Sþ. **339. Tillaga til þingsályktunar** [144. mál]
um stækkun á Vestmannaeyjaflugvelli.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hraða svo sem unnt er framkvæmdum til stækkunar á Vestmannaeyjaflugvelli og ætla til þeirra framkvæmda sérstaklega að minnsta kosti eina milljón króna í fjárlögum fyrir árið 1956.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, er flugvöllurinn í Vestmannaeyjum mjög ófullkominn og ekki hæfur til notkunar nema í hagstæðri vindátt. Þetta er til mikils бага fyrir flugsamgöngurnar við Eyjar, og er þess mikil þörf, að bót sé á ráðin.

Í haust er leið sendi bæjarráð Vestmannaeyja áskorun til flugmálastjórnarinnar út af aðkallandi umbótum á flugvelli, og nú nýverið hefur Flugfélag Íslands sent flugráði rökstuddar kröfur um sama efni.

Með bréfi Flugfélagsins fylgir álit nokkurra hinna reyndustu flugmanna vorra, og má ætla, að í því, sem fram kemur í bréfi Flugfélagsins og umsögn flugmannanna, felist sterkustu rökin fyrir þeirri þörf til úrbóta, sem hér liggur fyrir. Eru þau því prentuð með þessari greinargerð ásamt áskorun bæjarráðs Vestmannaeyja. Nánar í framsögu.

Fylgiskjal I.

Ályktun bæjarráðs Vestmannaeyja.

Hinn 3. september s.l. samþykkti bæjarráð að senda flugmálastjórninni eftirfarandi ályktun:

„Bæjarráð leyfir sér að beina eftirfarandi til flugmálastjórnarinnar:

1. Að hafizt verði handa um byggingu nýrrar flugbrautar (þverbrautar).

Bæjarráð telur, að flugsamgöngur milli Eyja og fastalandsins séu engan veginn komnar í viðunandi horf, fyrr en byggð hefur verið þverbraut við þá flugbraut, sem fyrir er, þar sem hér hagar einmitt þannig til, að iðulega, þegar ef til vill bezt er flugveður, er landing flugvéla á vellinum útilokuð sökum vöntunar á flugbraut, sem hægt væri að lenda á í norðlægum eða suðlægum áttum.

2. Að í öryggisskyni verði sett upp ljósakerfi við flugbrautina og þá einnig á þá staði í nágrenni hennar, sem nauðsynlegt getur talizt.
3. Að byggt verði flugskýli við flugbrautina, það stórt, að unnt sé að varðveita þar þær farþegaflugvélar, sem nú eru í förum til Vestmannaeyja, þannig að flugsamgöngur hingað þurfi ekki að truflast að öllu við, að vélarnar verði veður-tepptar hér á bersvæði eða að þær þurfi að leggja af stað héðan í tvísýnu veðri.“

Fylgiskjal II.

20. janúar 1955.

Svo sem flugráði er kunnugt, hefur það valdið miklum vandræðum í sambandi við starfrækslu reglubundinna flugferða til Vestmannaeyja, hve flugvöllurinn þar er ófullkominn miðað við hinar erfiðu aðstæður, sem eru til flugs við eyjarnar. Oft verður að hætta við flugferðir dag eftir dag vegna þess eins, að vindátt og vindhraði orsaka erfið landingarskilyrði, þar eð aðeins er um eina flugbraut að ræða og lengd hennar mjög takmörkuð (miðað við aðstæður).

Oss hefur lengi verið ljóst, að nauðsynlegt væri að gera einhverjar þær umbætur á flugvelli Vestmannaeyja, er að gagni megi koma til að fjölga flugdögum þangað. Í því sambandi höfum vér leitað álits nokkurra af reyndustu flugmönnum félagsins. Svar þeirra fylgir með bréfi þessu, og þar sem álit flugmanna vorra er í fullu samræmi við álit þeirra annarra hjá Flugfélagi Íslands, sem um málið hafa fjallað, má telja það sameiginlegt álit dómbærra starfsmanna vorra, að umræddar endurbætur á flugvellinum mundu verða til að bæta mjög verulega úr þeim erfiðleikum, sem Vestmannaeyjar eiga við að búa hvað flugsamgöngur snertir.

Með tilliti til þessa leyfum vér oss að fara þess á leit við flugráð, að það beiti sér fyrir því, að hið bráðasta og eigi síðar en á vori komanda verði hafizt handa um breytingar á Vestmannaeyjaflugvelli, er séu í því fólgnar, að:

1. Flugbrautin verði lengd svo sem tók eru á í báðar áttir, austur og vestur, þannig að hún verði a. m. k. 1350 metra löng.
2. Flugbrautin verði breikkuð þannig, að vesturendi hennar verði breikkaður til suðurs og austurendinn til norðurs, svo sem hægt er með tilliti til Helgafells.
3. Flugbrautin verði raflýst.

Vér leyfum oss að vænta góðra undirtekta flugráðs í þessu aðkallandi nauðsynjamáli.

Virðingarfullt,

Flugfélag Íslands h.f.

Til flugráðs, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

19. janúar 1955.

Flugfélag Íslands h.f., Reykjavík.

Samkvæmt beiðni yðar höfum við undirritaðir haft til athugunar að undanförunu möguleika fyrir bættum landingarskilyrðum í Vestmannaeyjum. Eins og nú er virðast flugferðir til Vestmannaeyja of stopular til þess, að íbúarnir þar megi vel við una, og kemur þar einkum til, hversu lítið má út af bregða með vind frá norðlægum og suðlægum áttum. Ókyrrt loft í lokaaðflugi og yfir brautinni sjálfri neyðir flugmanninn til þess að koma til landingar á mun meiri hraða en þegar loft er kyrrt, og þar sem brautin er fremur stutt, verður að takmarka landingar við afar lítinn hliðarvind, svo að öruggt megi teljast, eins og raun ber vitni.

Við teljum nauðsyn bera til að lengja flugbrautina í Vestmannaeyjum eins og tók eru á til vesturs og framlengja hana einnig austur úr skarðinu að austan. Þá teljum við, að einnig muni veruleg bót fengin, ef brautin yrði skekkt þannig, að V-endi yrði breikkaður til suðurs og A-endi til norðurs eins mikið og Helgafell leyfði með tilliti til aðflugs. Þetta mundi gera mikinn mun í verstu áttunum og gera flugmönnum kleift að lenda örugglega í allmiklu verri skilyrðum en nú er.

Virðingarfullt,

Jóhannes R. Snorrason.

Þorsteinn E. Jónsson.

Björn Guðmundsson.